



Fundargerð

1480. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
29. ágúst 2024, kl. 08:15

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi og Íris Eysteinsdóttir ritari.

* * *

1. Fjárhagsáætlun 2025-2028 (2024050440)

Umræður um framhaldið í fjárhagsáætlunarvinnu.

2. Umsókn um leyfi til reksturs veitingastaðar - Mborgars ehf. - Tjarnabraut 24 (2024060104)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um leyfi til að reka veitingastað í flokki II-A. Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjaneshæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirbyggjandi umsagna.

3. Umsókn um leyfi til reksturs veitingastaðar - Tokyo veitingar ehf. - Aðalgata 60 (2024060376)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um leyfi til að reka veitingastað í flokki II-A. Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjaneshæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirbyggjandi umsagna.

4. Umsögn um geymslustað ökutækja í útleigu - Okkar bílaleiga ehf., Flugvellir 31 (2024080120)

Erindi Samgöngustofu vegna umsóknar um leyfi fyrir geymslustað ökutækja vegna ökutækjaleigu. Lögð fram umsögn byggingarfulltrúa Reykjaneshæjar. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirbyggjandi umsagnar.

5. Tækifærisleyfi - Kristján Pétur Ásmundsson f.h. Fjölbrautaskóla Suðurnesja (2024080366)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

6. Valkostagreining vegna sameiningar sveitarfélaga (2023090620)

Farið yfir stöðuna í óformlegum umræðum um sameiningu sveitarfélaga.

Bæjarráð vísar málinu til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09.10